



ÍÞRÓTTABANDALAG HAFNARFJARÐAR

Bæjarráð Hafnarfjarðar
Rósa Guðbjartsdóttir
bæjarstjóri
Strandgötu 4-6
220 Hafnarfjörður.

3. desember 2020.

Á fjarfundi sem fulltrúar í stjórn ÍBH áttu með bæjarstjóra og formanni bæjarráðs þann 2. desember voru ítrekaðar óskir íþróttahreyfingarinnar í Hafnarfirði um aukinn fjárstuðning Hafnarfjarðarbæjar til íþróttafélaganna í Hafnarfirði vegna Covid 19. Segja má að allt frá því um miðjan mars sl. hafi allt íþróttastarf legið meira og minna niðri og tekjufall íþróttafélaganna á árinu 2020 er gríðarlegt. Íþróttafélögin glíma við margþættan vanda, lokun íþróttamannvirkja, tekjufalls vegna aðgangs að íþróttaviðburðum, lægri leigutekjur og minni stuðning fyrirtækja við íþróttastarf vegna ástandsins í þjóðfélaginu. Þá hafa skráningar iðkenda í íþróttir dregist saman, tímabundið, vegna lokunar íþróttamannvirkja og sóttvarnaraðgerða.

Pakka ber opinberan stuðning hins opinbera við íþróttahreyfinguna á vordögum og þann stuðning sem boðaður er nú á haustdögum. Það er hins vegar ljóst að sá stuðningur mun engan veginn vega upp á móti þeim mikla fjárhagsskaða sem íþróttafélögin í Hafnarfirði hafa orðið fyrir.

Með vísan til ofanritaðs er það ósk Íþróttabandalags Hafnarfjarðar að bæjarráð samþykki stuðning til íþróttafélaganna í Hafnarfirði að fjárhæð kr. 60 milljónir.

Hafnarfjörður hefur jafnan stutt vel við bakið á íþróttahreyfingunni og íþróttir hafa ávallt skipað stóran sess í hugum bæjarbúa, fyrir þann stuðning er íþróttahreyfingin þakklát.

Það er því von okkar að bæjarráð taki jákvætt í erindið.

Virðingarfyllst,

f.h. Íþróttabandalags Hafnarfjarðar

Hrafnkell Marinósson, formaður.